



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Innviðaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 14. júní 2023

2306012SA VRB
Málalykill: 10.24

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um málsmeðferð við setningu skipulagsreglna fyrir flugvelli, S-100/2023

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 17. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að reglugerð um málsmeðferð við setningu skipulagsreglna fyrir flugvelli.

Ráðuneytið hafði samráð við sambandið við gerð reglugerðarinnar og þakkar sambandið fyrir þá aðkomu. Einnig er beðist velvirðingar á að umsögn þessi berist að liðnum veittum fresti.

Lagastoð reglugerðarinnar er 147. gr. loftferðarlaga en sú grein var gagnrýnd mjög af sambandinu í meðförum frumvarpsins á þingi enda er um að ræða íþyngjandi inngrip í skipulagsvald sveitarfélaga. Sambandið leggur því mikla áherslu á að reglugerðin veiti sveitarfélögum raunverulega aðkomu og áhrif á gerð skipulagsreglna og að málsmeðferð verði í alla staði vönduð. Þá verði verkefni starfhópsins þ.e. að tryggja flugöryggi með fullnægjandi hætti með sem minnstum takmörkunum á skipulag þeirra svæða í kringum flugvöllinn sem reglurnar taka til ávallt haft að leiðarljósi, ekki bara við vinnu hópsins heldur einnig við afgreiðslu ráðherra.

Í umsögn Reykjavíkurborgar er bent á nokkur atriði sem betur mættu fara í reglugerðinni og miða að því að tryggja sveitarfélögum raunveruleg áhrif við setningu skipulagsreglna fyrir flugvelli. Sambandið tekur undir þær ábendingar Reykjavíkurborgar og hvetur ráðuneytið til að bregðast við þeim með fullnægjandi hætti.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Benedíksdóttir

Valgerður Rún Benedíksdóttir
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs